

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Iðunnarbrunnur 11 og Friggjarbrunnur 21.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. janúar 2020, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 11 við Iðunnarbrunn og 21 við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst að lóð númer 21 við Friggjarbrunn er felld niður og verður hluti af henni annars vegar sameinaður við Iðunnarbrunn 11 þar sem byggingarmagn breytist lítillega og hins vegar við borgarland. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hólmgarður 34.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. janúar 2020, breytingu á skilmálum deiliskipulags Bústaðahverfis vegna lóðarinnar nr. 34 við Hólmgarð. Í breytingunni felst að leyfilegur hámarksfjöldi íbúða hækkar úr 8-10 í 13 íbúðir og að skilyrt er að a.m.k. 70% af m<sup>2</sup> jarðhæðar verði nýttir fyrir hverfistengda starfsemi. Tillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Tindasel 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. janúar 2020, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts II, Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Tindasel. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar þannig að koma megi fyrir fimm íbúðum auk starfsmannaaðstöðu í stað herbergjasambýlis fyrir fimm íbúa. Tillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 22. janúar 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2020